2. Ávarp til barna og unglinga í barnaskólanum og unglingastúkunni á Eyrarbakka vegna óláta og ryskinga á götunum þar. Dagsett 3. febrúar 1902.

---

1 blað

Með því að ég hefi komist að raun um, að ýmsir illa siðaðir unglingar, hafa getað komið því til leiðar, að nokkur börn úr unglingastúkunni og í undirstúkunni hafa leiðst til þess að taka þátt í ólátum með þeim og jafnvel barsmíð á götunum þegar þau hafa verið að leika sér úti á kvöldin, vil ég alvarlega benda börnum þeim, er ég á um að sjá í barnaskólanum og í unglingastúkunni, að hætta slíkum leik algjörlega og sneiða sig hjá þeim unglingum er að því styðja. — Sömuleiðis vil ég vinsamlega mælast til þess, að hinir fullorðnu horfi ekki aðgjörðalausir á slíka leiki, án þess annaðhvort að fá börnin til að hætta þeim, eða láta mig vita af því í tæka tíð.

Ég skal geta þess, að áðurnefnd ólæti hafa farið fram án míns vilja og vitundar og að í hið eina skipti, sem ég hefi orðið var við að það gengi fram úr öllu hófi og stillti til friðar í þessu efni, þá voru það *ekki* börn úr barnastúkunni eða skólanum, né unglingar úr undirstúkunni, sem svöruðu mér fullum hálsi, enda eru slíkir siðir ekki hafðir fyrir *þeim*, svo mér sé kunnugt.

Eyrarbakka, 3. febr. 1902.

Jón Pálsson

gæzlumaður unglingtemplara á Eyrarbakka.